

Spurningar fyrir borgarfulltrúa

Er sameiningin gerð á faglegum forsendum?

- ef já – þá hvernig þá
- ef nei – hversvegna erum við að þessu

Er sameiningin að skila sér í betri nýtingu á útsvartekjum borgarinnar?

- ef já – þá hvernig þá
- ef nei – hversvegna erum við þá að þessu, er okkar skattfé ekki betur varið í aðra þætti

Ef kæmi fram ósk íbúa hverfanna um frestun sameiningar væri tekið vel í það?

- ef já – hvernig yrði það tekið áfram
- ef nei – hvaða ástæður myndu liggja á baki slíkri neitun

Finnst borgarfulltrúum svörun meirihluta vegna athugasemda fagaðila á fundum og í ráðum innan borgarinnar ásættanleg? Vísu til samantektar á fundi í Hamraskóla í síðustu viku

- Ef já – sorgleg niðurstaða en þó gott að vita til þess að stutt sé til kosninga þar sem þessi sjónarmið verða aftur tekinn upp
- Ef nei – hvað þá helst?

Hver er framtíðarsýn í þessum málefnum?

- Ef til skammtíma þá >>
 - Líta verður til þróunar í þessum málum – Laugarlækjaskóli var eitt sinn minnsti skóli í Reykjavík en svo er ekki í dag
 - Eðlilegt væri jafnvel að samræma stjórnun í þessum málaflokki í stað þess að flytja fjallið milli svæða
- Ef til lengri tíma þá >>
 - verður ekki séð á tillögum að svo sé

Við viljum horfa til lengri tíma - Er ekki eðlilegt að horft sé til lengri tíma í svona málum?

- Má ætla að hverfið sé að breytast í aldurflokkinn 60+ og það verða kannski engin börn hér í framtíðinni? er það virkilega vilji borgarfulltrúa?

Er hægt að líta framhjá þróun og aldurskiptinga íbúa í hverfinu?

Samkvæmt könnun Húsaskóla þá er ljóst að rúmur meirihluti er andvígur sameiningu eða 74% foreldra.

- í fyrsta lagi – er hægt að líta fram hjá vilja foreldra?
- Hvað með skólastarfið sem fyrir er ? er það svo lélegt að það þarf að breyta því?
- Er eðlilegt að fórna hagsmunum unglunga í rótgrónum skóla ef ekki liggja fyrri gild rök?
- Eru verri nemendur að skila sér í framhaldsskóla úr Húsaskóla?
- Hafa yfirvöld kannað vilja kennara til þessa hluta?
- Hafa unglingar í Húsahverfi verið borg til skammar með hegðun sinni sem kallar á viðbrögð sem þessi?
- Eru innbrot eða almenn agabrot meðal unglunga tíðari í Húsahverfi?
- Hafa komið upp alvarleg fíkniefnamál í Húsahverfi sem kalla á svona aðgerðir?
- í öðru lagi – er hverfið okkar að skila litlu í borgarkassann í formi útsvarstekna?
- ... Er kostnaður við þjónustu dýrari í Húsahverfi en í öðrum hverfum borgarinnar?
- ... eru íbúar hverfisins ekki með jafnræði á við aðra í Reykjavík samanber frestun sameiningar í Breiðholti?
- ... Skilum við sem íbúar í Húsahverfi lægri skatttekjum til borgarinnar og fyrir það þurfum við að þola lægra þjónustustig?
- ... er verið að refsa okkur fyrir eitthvað sem við vitum ekki um, þá hvað?
- ... ef af verður getum við sótt ívilnanir til borgaryfirvalda vegna skattlagningar þar sem við teljum okkur ekki búa við sömu kjör og aðrir innan borgarinnar?

Ágætu borgarfulltrúar – ekki gleyma því að við erum kjósendur líka eins og aðrir í borginni!

Að okkar mati liggja staðreyndir á borðinu þó svo að þið virðist ekki sjá þær... allavega sjáum við ekki ykkar sýn

Byrjum á jákvæðum punktum:

- Hagkvæmni í forgrunni, nýta hagkvæmni stærðar í formi stærri eininga
- Auka valgreinar fyrir unglunga – þó stríðir það nú á við aðalnámskrá...
- Tengja betur saman hverfahluta
- Skapa menningu meðal unglunga
- Nýta húsnaði – tvíbent, þar sem annað losnar í stað sem nýtist
- Klár vilji til að fara betur með skattfé
- Samræma gæði innan borgarhluta – jafnrétti hverfahluta

Skoðum svo neikvæða punkta:

- Ekki lengur valkostur að hafa heilstæðan grunnskóla í hverfinu
- Gæði skólustarf í barnaskóla getur ekki annað en dregist saman við minna framboð
- sérgreinakennsla í grunnskóla leggst af
- Samgöngumál innan hverfahluta í ólestri – strætósamgöngur ekki ásættanlegar
- Óþarfa akstur einkabíla mun eiga sér stað
- Nemendur „flakka“ á milli hverfishluta – nám í Foldaskóla og íþróttir svo í íþróttahúsi við Húsaskóla og svo framvegis
- Slysahætta eykst til mikilla muna
- Gönguleiðir ekki ákjósanlegar
- Vilji foreldra ekki til staðar
- Betri nýting útsvarstekna hefur ekki verið rökstuddur
- Félagsstarf í hverfisskóla leggst af
- Unglingamenning mun að öllum líkum versna þar sem fjarlægð og margbreytileiki gæti haft áhrif – gætu myndast athvörf sem áður var búið að útrýma
- Hagsmunasamtök hafa bent á veikleika í ferlinu

Vissulega hefðum við viljað vera mun jákvæðari en okkur hefur ekki tekist að ná þeirri sýn sem borgarfulltrúar virðast hafa og köllum við því eftir þeirri sýn, ef þetta er svona sniðugt eins og af er látið þá vildum við gjarnan skilja það því við búum hér og þurfum að lifa við skerta þjónustu.